

Fundur Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar nr.33 þann.10. febrúar 2009,
Fundartími 20:30 til 22:15 í Brekkuskóla.

Mættir á fundinn voru: Bergljót Þrastardóttir, Anna Kristveig Arnardóttir, Jón Einarsson (Lambi),
Viktoría Gestsdóttir, Harpa Hjarðardóttir og Sigurður Jónsson

Eftirfarandi efni voru tekin fyrir.

1. Hverfisnefndakaffi skipulag o.fl.

- Bergljót hafði haft samband við formenn hinna hverfisnefndanna og þeir voru jákvæðir og vilja að allar nefndir kæmu að einhverju leyti að málum
- Bergljót hafði samband við Pétur Bolla skipulagsstjóra bæjarins og hann var tilbúinn að fjalla um skipulagsmál.
- Guðmundur Sigurðsson frá verkfræðistofunni Mannviti var tilbúinn að kynna reiðhjólástíga og skipulag þeirra mála.
- Bergljót sagðist myndu hafa samband við stjórnendur Brekkuskóla og húsvörð út af fundarstað og hvort 10. bekkur væri tilbúinn að sjá um kaffi og veitingar.
- Stefnt að því að hafa fundinn 5/12 mars frá 20 – 22
- Á fyrri fundum höfðu verið uppi hugmyndir um fleiri umræðuefni verið á dagskrá en ákveðið að það væri ágætt að taka þessi tvö efni fyrir þannig að skipulagsmálin væru þema þessa fundar. Hægt væri að halda fundi aftur þar sem þemað væri annað.

Fleira ekki tekið fyrir.

Sigurður Jónsson ritari